

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Gaulverjabæjarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, iðnaðarsvæði á Hellisheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði austan Lambafellshnjúka stækkar til austurs og breikkar að þjóðvegi 1 og verður 41,2 ha í stað 27,9 ha.
- Óbyggt svæði undir Hverahlíð sunnan þjóðveggar 1 breytist í iðnaðarsvæði.
- Óbyggt 2000 m<sup>2</sup> svæði austan Hamragilsvegar um 500 m frá þjóðvegi 1 breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, stækkun miðbæjarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði sem afmarkast af Hamraborg til suðurs, Hábraut í vestri, lóðamörkum Ásbrautar 19-21 í norður og afreini af Hafnarfjarðarvegi í austur breytist á miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir yfirbyggðu bílastæði og tveggja til þriggja hæða byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Nikkelsvæði/Borgabraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði við Efstaleiti stækkar til vesturs og suðurs.
- Íbúðar- og iðnaðarsvæði ofan Móahverfis breytist í útivistar- og opið svæði.
- Iðnaðarsvæði við Grénás fellur út.
- Stofnanasvæði merkt S5 og S6 ofan Kjarrmóa og sunnan Flugvallarveggar falla út.
- Opið svæði til sérstakra nota merkt U1 breytist í íbúðarsvæði.
- Verslunar- og þjónustusvæði suðvestan Flugvallarveggar fellur út.
- Lega varnarlínu breytist.
- Svæði U3 og U8 sunnan og vestan Samkaupa breytist í blandaða landnotkun verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæða.
- Lega Flugvallarveggar/Borgabrautar breytist.
- Vegtenging frá Grénási og að Hjallavegi fellur út.
- Vegtenging frá Reykjanesbraut og að Njarðarbraut verður í Grénásbrekku.
- Vegtenging frá Njarðarbraut að Flugvallarvegi breytist.
- Vegtenging Smiðjuvalla að Flugvallarvegi breytist.
- Göngu-, hjólréiða- og reiðstígar ofan byggðar breytast.
- Þjónustusvæði vestan fjölnota íþróttahúss minnkar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*